

Skaftárhreppur
Klausturvegi
880Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 16. desember 2020
UST202003-099/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps

Þann 29. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Útistandandi er frávík vegna timburhaugs á urðunarstað og var úrbótaáætlun samþykkt 8. nóvember 2019.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávík kom fram er varðar:

1. Gr. 5.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningar fyrir 2019 vegna t.l. 2-4 í gr. 5.1 hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki sem kom fram við eftirlit 2020 og uppfærðri úrbótaáætlun vegna frávíks úr eftirliti 2019 í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. janúar, 2021.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Gottskálf Friðgeirsson